

**70** er brýtur gegn einkarétti bæjarstjórnar til vatnssölu, eða vanrækir tilkynningar-  
 28. júlí skyldu samkv. 8. gr., hefir hitaleiðslur eða aðrar leiðslur leyfislaust í sambandi við vatnsveituna, eða vanrækir aðrar skyldur, er hvíla á honum samkvæmt reglugerð þessari.

17. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð 30. júní 1921, um nið-  
 urjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað með síðari breytingum og viðaukum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1931.*

S. Kristinsson.

*Vigfús Einarsson.*

**71**  
 31. júlí

## REGLUGERÐ

um

bryggju við Flatey á Skjálfanda.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð og semur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar og ákvörðun hreppsnefndar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrir-  
 mælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða lögmælt gjald og hlýta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Njóta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni; þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja að bryggjunni tafarlaust, til þess að afhenda póstinn. Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

## 4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni þess báts (skíps), er skemmdirnar hljótast af.

71

31. júlí

## 5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

## 6. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo að fullnægjandi sé, að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður ræsting á kostnað hlutaðeiganda.

## 7. gr.

Bryggjugjöld greiðast af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum í Flatey svo sem hér segir:

- a. Fyrir hver 50 kg. af venjulegum vörum 10 aurar.
- b. Fyrir hverja smálest af salti 1 króna.
- c. Fyrir hverja smálest af saltfiski, sementi, kolum og standard af timbri 1.50 kr.
- d. Fyrir hvert fat af lifur, lýsi, olíu, benzini og tjöru 50 aur.
- e. Fyrir hverja tunnu af síld, kjöti og trosi 30 aurar.
- f. Fyrir hvern grip 50 aurar og hverja sauðkind 5 aurar.
- g. Fyrir hver 400 kg. af nýjum fiski greiðist 25 aurar.

## 8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir bryggjuvörður svo fljótt sem unnt er, og leggur þau tafarlaust í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður, og ávaxtast í sparisjóði Flateyjarhrepps.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

## 9. gr.

Reikningsár Bryggjusjóðs er almanaksárið, og skal bryggjuvörður fyrir lok hvers árs afhenda oddvita hreppsnefndar, sem hefir reikningshald sjóðsins, skilagrein fyrir öllu því af árstekjum sjóðsins, er honum bar að innheimta.

Reikningur Bryggjusjóðs skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og reikningur hreppssjóðs. Afrit af reikningnum skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

71

31. júlí

Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og umbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

10. gr.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr., og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í Bryggjusjóð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1931.*

S. Kristinsson.

*Vígfús Einarsson.*

72

31. júlí

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

**Raufarhafnarkauptún.**

### I. Hafnargjöld.

- Öll skip (að undanteknum þeim, sem síðar getur um) skulu greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert skipti, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar á Raufarhöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna milli á Íslandi, þá er þau í fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Raufarhöfn. Liggi slík skip á höfninni lengur en 14 daga tvöfaldast gjaldið.

Hafnargjöld greiða þó aðeins þau skip, er leggjast á pollinn fyrir innan línu milli syðri enda Hólmans og neðri innsiglingarvörðunnar.

- Hafni skipið sig oft看 en einu sinni á árinu á Raufarhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðan að helmingi.
- Skip, er ganga milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta skipti á árinu koma á Raufarhöfn, greiða hafnargjald, en síðan ekki, þótt þau hafni sig oft看 á því ári. Íslensk fiskiskip greiða ekki hafnargjald nema einu sinni á ári.
- Skip, sem heimilisföst eru í þorpínu eða stunda útgerð þaðan lendri tíma en sex mánuði ársins, skulu greiða árlega 50 aura af hverri nettó smálest.